

43. Frumvarp

til laga um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar, og sendi-sveitarritari, er ráðherra skipar. Aðra starfsmenn, sem nauðsynlegir eru að dómi ráðherra, ræður sendiherra.

2. gr.

Laun sendiherra, húsaleiga, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

Stjórnin gefur út erindisbrjef handa sendiherranum og ákveður starfs-svið hans.

4. gr.

Heimilt er sendiherra að krefjast borgunar fyrir störf sín, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. Borgun þessi rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi hefir þegar ákveðið að sendiherra skuli skipaður í Kaupmannahöfn, og hefir þessu boði verið fullnægt eins og kunnugt er. Jafnframt hefir skrifstofa sú, sem stjórnarráðið hefir haft í Kaupmannahöfn, verið lögð niður og sendiherrann tekið við störfum hennar, auk þess sem hann gegnir hinum venjulegu sendiherrastörfum. Það virðist því rjettast að lögfesta þetta fyrir-komulag, og það því fremur sem nauðsyn er á að hafa lagaákvæði um, að heimilt sje að gefa út gjaldskrá, er sendiherra fylgi, um þóknun fyrir störf

hans. Ætla má, að nokkuð fáist upp i skrifstofukostnað sendiherrans á þennan hátt, en hversu mikið er eigi unt að segja. Þau störf, sem hjer er einkum átt við, er útgáfa vegabrjefa, staðfesting eftirrita, ýmisleg störf í þágu skipa o. fl. Um hinar einstöku greinar frumvarpsins virðist ekki þörf að gera athugasemdir.